

# Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga

## Ársreikningur 2019

Borgartúni 6  
105 Reykjavík

Kt. 450588-2029

# Efnisyfirlit

---

Áritun óháðs endurskoðanda .....	1
Áritun og skýrsla stjórnar .....	3
Rekstrarreikningur .....	4
Efnahagsreikningur .....	5
Sjóðstreymi .....	6
Skýringar og sundurliðanir .....	7

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar í Kjarafélagi viðskiptafræðinga og hagfræðinga

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning þann 31. desember 2019, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2019, efnahag þess 31. desember og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Óhæði

Við erum óháð Kjarafélagi viðskiptafræðinga og hagfræðinga í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur (IESBA Code) og viðeigandi settar siðareglur á Íslandi og höfum uppfyllt önnur ákvæði

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að meta rekstrarhæfi Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga og eftir því sem við á, skýra frá þeim atriðum sem varða rekstrarhæfið og notkun forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi, nema ætlunin sé að leysa upp félagið eða hætta starfsemi þess, eða ef enginn annar raunhæfur valkostur er í stöðunni.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær, einar og sér eða samanlagðar, gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins.

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggjum við á faglegri dómgreind og beitum ávallt faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- \* Við greinum og metum hættur á verulegum skekkjum í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- \* Við öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- \* Við metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- \* Við ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun okkar. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- \* Við metum í heild sinni hvort framsetning og uppbygging ársreikningsins, þ.m.t. innihald og skýringar, gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem koma upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem fram koma við endurskoðunina, eftir því sem við á.

## Skýrsla um innihald skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og ekki koma fram í skýringum.

Reykjavík 20. mars 2020



Valgerður Kristjánsdóttir

löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.

Borgartúni 30

105 Reykjavík

# Áritun og skýrsla stjórnar

---

Ársreikningur Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga er stéttarfélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga. Félagið sér um að gera kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna á almennum og opinberum vinnumarkaði. Tveir starfsmenn störfuðu hjá félaginu á árinu en einnig fá stjórnarmenn greitt fyrir stjórnarstörf.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins var hagnaður ársins 2019 kr. 17.995.673. Hrein eign félagsins í árslok var jákvæð um kr. 58.114.665.

Frá lokum reikningsárs og fram að áritunardegi hefur orðið atburður sem að óbreyttu mun hafa áhrif á verðbréfaeign félagsins á árinu 2020 verði hann langvinnur, er hér átt við Covid-19 veiruna og afleiðingar hennar á hagkerfi heimsins. Hver endanleg áhrif verða er ómögulegt að segja fyrir um á þessari stundu en stjórn mun fylgjast náið með þróun mála.

Stjórn Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga samþykkir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. mars 2020

  
Ársæll Baldursson, formaður

  
Helga S. Sigurðardóttir

  
Stefán Þór Björnsson


  
Ragnheiður Ragnarsdóttir


  
Sæmundur Árni Hermannsson

## Áritun skoðunarmanna

---

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga höfum yfirfarið ársreikning félagsins fyrir árið 2019. Við höfum engar athugasemdir og leggjum til að hann verði samþykktur.

  
Halla Sigurðardóttir

  
Jóngeir Hlínason

# Rekstrarreikningur 2019

Rekstrartekjur	Skýr.	2019	2018	
Félagsgjöld .....		96.294.863	87.786.743	
Söluhagnaður (-tap) .....		<u>0</u>	<u>(84.032)</u>	
		<u>96.294.863</u>	<u>87.702.711</u>	
<b>Rekstrargjöld</b>				
BHM .....		28.803.506	26.420.239	
Laun og launatengd gjöld .....	3	39.370.269	45.243.404	
Annar rekstrarkostnaður .....	4	<u>12.706.375</u>	<u>20.470.472</u>	
		<u>80.880.150</u>	<u>92.134.115</u>	
		<b>Rekstrarhagnaður (-tap)</b>	<b>15.414.713</b>	<b>(4.431.404)</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>				
Vaxtatekjur og verðbreyting verðbréfaeignar .....		836.795	822.787	
Vaxtagjöld og þóknanir vegna fjárvörslu .....		(129.137)	(109.784)	
Fjármagnstekjuskattur .....		(157.623)	(16.384)	
Hlutdeild í afkomu Húsfélags BHM sf. ....		<u>2.030.925</u>	<u>283.030</u>	
		<u>2.580.960</u>	<u>979.649</u>	
		<b>Hagnaður (tap) ársins</b>	<b>17.995.673</b>	<b>(3.451.755)</b>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eignir	Skýr.	2019	2018
<b>Fastafjármunir</b>			
Eignarhlutur í Húsfélagi BHM sf. ....	2	19.984.374	17.953.449
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>19.984.374</u>	<u>17.953.449</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Útistandandi félagsgjöld .....		10.930.787	8.959.256
Verðbréfaeign .....		14.290.754	13.730.475
Handbært fé .....		14.930.493	7.203.631
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>40.152.034</u>	<u>29.893.362</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>60.136.408</u></u>	<u><u>47.846.811</u></u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Óráðstafað eigið fé í upphafi árs .....		40.118.992	43.570.747
Afkoma ársins .....		17.995.673	(3.451.755)
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>58.114.665</u>	<u>40.118.992</u>
<b>Skuldir</b>			
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....		1.666.023	4.526.532
Ógreiddir reikningar .....		355.720	3.201.287
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>		<u>2.021.743</u>	<u>7.727.819</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>2.021.743</u>	<u>7.727.819</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>60.136.408</u></u>	<u><u>47.846.811</u></u>

# Sjóðstreymi 2019

Handbært fé frá rekstri	2019	2018
<b>Innborganir:</b>		
Innborguð félagsgjöld.....	94.323.332	87.126.015
Innborgaðir vextir.....	34.266	81.962
Innleyst verðbréf umfram keypt.....	242.250	0
<b>Innborganir samtals</b>	<b>94.599.848</b>	<b>87.207.977</b>
<b>Útborganir:</b>		
Greitt til BHM .....	28.803.506	26.420.239
Greiddur annar rekstrarkostnaður.....	15.551.942	17.846.663
Greidd laun og launatengd gjöld.....	42.230.778	42.229.125
Greiddur fjármagnstekjuskattur og bankakostnaður.....	286.760	126.168
<b>Útborganir samtals</b>	<b>86.872.986</b>	<b>86.622.195</b>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>7.726.862</b>	<b>585.782</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		
Keyptur eignarhlutur í Húsfélagi BHM sf. ....	0	(4.464.673)
Seldur eignarhlutur í Húsfélagi BHM sf. ....	0	2.872.288
Keypt verðbréf .....	0	(800.000)
<b>Fjárfestingarhreyfingar samtals</b>	<b>0</b>	<b>(2.392.385)</b>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....</b>	<b>7.726.862</b>	<b>(1.806.603)</b>
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>	<b>7.203.631</b>	<b>9.010.234</b>
<b>Handbært fé í árslok .....</b>	<b>14.930.493</b>	<b>7.203.631</b>



# Skýringar og sundurliðanir

---

## 1. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum ef frá er talið mat á verðbréfum sem eru metin á gangvirði. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum.

### Innlausn tekna

Félagsgjöld eru færð miðað við innsendar skilagreinar, á því tímabili sem skilagreinar tilheyra.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

### Verðbréf

Verðbréf í eigu félagsins eru skráð á virkum markaði og eru eignfærð á markaðsverði í árslok.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að frádreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku félagsins.

### Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast bankainnstæður.

## 2. Eignarhlutir í öðrum félögum

Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga á 4,58% eignarhluta í Húsfélagi BHM sf. sem stofnað var á árinu 2004. Eignarhluturinn er færður skv. hlutdeildaraðferð. Með aðferðinni er tekið tillit til rekstrarárangurs og annarra breytinga á eigin fé félagsins. Á árinu 2019 var gerð breyting á útreikningi eignarhluta í Húsfélagi BHM sf. og eru eignarhlutir nú reiknaðir út frá rýmislegri eign í Húsfélaginu, í samræmi við samþykktir Húsfélagsins. Áður voru eignarhlutir reiknaðir út frá framlögum til Húsfélagsins.

Staða 1.1. ....	17.953.449
Leiðr. vegna breytingar á útreikningi eignarhlutar .....	2.002.948
Hlutdeild í afkomu .....	97.142
Afskrift yfirverðs .....	(69.165)
Staða 31.12. ....	<u>19.984.374</u>

# Skýringar og sundurliðanir

## 3. Laun og launatengd gjöld

	2019	2018
Laun starfsmanna og stjórnar .....	25.153.245	33.908.192
Önnur þóknun .....	5.250.499	3.042.331
Bifreiðastyrkur .....	470.000	560.000
Mótframlag .....	4.995.570	4.139.596
Tryggingagjald .....	2.526.465	2.687.913
Sjóðagjöld .....	974.490	905.372
	<u>39.370.269</u>	<u>45.243.404</u>

## 4. Annar rekstrarkostnaður

	2019	2018
Annar starfsmannakostnaður .....	134.821	0
Ráðstefnur, ferðakostnaður .....	126.945	1.200.516
Rekstrarframlag til Húsfélags BHM sf. ....	2.255.328	2.773.889
Sími og burðargjöld .....	355.964	378.925
Bækur, blöð og tímarit .....	181.059	224.557
Pappír, prentun og ritföng .....	19.319	462.714
Rekstur tölvukerfis .....	939.046	1.133.191
Kostnaður vegna BIB .....	367.772	288.202
Aðkeypt þjónusta .....	128.892	4.359.488
Endurskoðun og reikningsskil .....	842.537	681.700
Bókhaldsþjónusta .....	537.887	458.452
Lögfræðikostnaður .....	3.937.179	3.418.729
Endurgreiddur lögfræðikostnaður .....	(228.083)	0
Kynningarmál og auglýsingar .....	1.060.171	2.530.332
Fundarkostnaður .....	961.860	1.047.736
Áhöld og tæki .....	916.118	1.100.075
Dagpeningar .....	0	212.400
Annar kostnaður .....	169.560	199.566
	<u>12.706.375</u>	<u>20.470.472</u>

## 5. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Frá lokum reikningsárs og fram að áritunardegi hefur orðið atburður sem að óbreyttu mun hafa áhrif á verðbréfaeign félagsins á árinu 2020 verði hann langvinnur, er hér átt við Covid-19 veiruna og afleiðingar hennar á hagkerfi heimsins. Hver endanleg áhrif verða er ómögulegt að segja fyrir um á þessari stundu.